Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

Samþykktir fyrir Controlant hf.

Articles of Association for Controlant hf.

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. grein
Félagið er hlutafélag. Heiti félagsins er Controlant hf.

2. grein
Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

3. grein
Tilgangur félagsins er sala/þróun/hönnun á vörum og þjónustu á sviði mæli og stýritækni, alhliða ráðgjöf, fjárfestingarstarfsemi, gjaldeyrisviðskipti, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

The name of the Company, domicile and object

Art. 1
The Company is a public limited liability company. The name of the Company is Controlant hf.

Art. 2
The domicile of the Company and legal venue are in Kópavogur, Iceland.

Art. 3
The object of the Company is sale/development/design of products in field of quantification and automatic control and general advisory, investment activities, currency trade, operation of real estate and related business.

Hlutafé félagsins

4. grein
Hlutafé félagsins er kr. 930.904.514 sem skiptist í 161.829.867 A hluti og 769.074.647 B hluti. Hlutaféð skiptast í jafnmarga hluti sem hver er að fjárhæð ein króna.

5. grein
Eigendur hlutafjár félagsins í B flokki skulu njóta forgangs til greiðslna sem samsvara upphaflegri fjárfestingu þeirra, ef annað hvort (i) bindandi tilboð berst í allt hlutafé félagsins sem fæst samþykkt af hluthöfum er ráða yfir 75% af heildarhlutafé félagsins, eða (ii) félaginu er slitið (þ.á m. Ef félagið er tekið til gjaldþrotaskipta).

Að öðru leyti skulu eigendur hlutafjár í B flokki njóta sömu réttinda og aðrir hluthafar í félaginu.

6. grein
Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína nema annað sé ákveðið á hluthafafundi. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

The Share capital of the Company

Art. 4
The share capital of the Company amounts to ISK 930,904,514 divided into ISK 161,829,867 A class shares and 769,074,647 B class shares. The share capital is of nominal value of one Icelandic króna each share.

Art. 5
Owners of class B shares shall have priority to payments corresponding to their original investment, in the event of either (i) a binding offer being made to acquire the total share capital of the Company, which is accepted by shareholders representing at least 75% of the total share capital of the Company, or (ii) liquidation (including bankruptcy).

Otherwise, owners of B class shares shall enjoy the same rights as other shareholders in the Company.

Art. 6
The Company's share capital may be raised with the approval of a shareholders' meeting with the same amount of votes needed to amend these Articles of Association. Shareholders have the priority right of purchase of all new shares in proportion to their holdings unless otherwise decided on a shareholders meeting. Only a shareholders' meeting may approve the reduction of the share capital.

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

Stjórn er heimilt að hækka hlutafé þess um allt að kr. 75.810.000 að nafnverði í A flokki með áskrift nýrra hluta, í einu lagi eða skrefum, vegna kaupréttar og áskriftarsamninga sem stjórn félagsins gerir. Sölugengi, tímamörk áskriftar og greiðsluskilmálar skulu vera í samræmi við viðkomandi samninga. Hluthafar félagsins hafa ekki forgangsrétt á hlutum sem gefnir eru út í samræmi við þessa heimild. Nýir hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá og með skráningardegi þeirra. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu nýrra hluta í samræmi við heimild þessa. Heimild þessi gildir til 2. júlí 2031. Að öðru leyti skulu hlutfjáraukningar fara fram í samræmi við samþykktir félagsins og viðeigandi ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.

The Board of Directors has the authority to increase the share capital for up to the nominal value of ISK 75,810,000 in Class A, by issuing new shares due to stock option agreements and warrant agreements made by the Board of Directors. The selling rate, time limit for subscription and payment terms shall be in accordance with the respective agreements. The shareholders have waived their pre-emptive right to subscribe to new shares issued in accordance with this authorization. New shares issued shall grant rights in the Company as of the date of their registration. The Board of Directors is authorized to make the necessary amendments to the Articles of Association in relation to issue of the new shares pursuant to this authorization. This authorization is valid until 2 July 2031. Otherwise, share capital increases shall be made in accordance with the Articles of Association and respective articles of Act no. 2/1995, on Public Limited Companies.

Stjórn félagsins er, fram til 31. desember 2023, heimilt að gefa út áskriftarréttindi til handa lánveitanda félagsins, samhliða nýrri lántöku félagsins, sem veita rétt til áskriftar að nýjum hlutum allt kr. 11.000.000 að nafnverði í B flokki. Stjórn er jafnframt heimilt, fram til 31. desember 2030, að hækka hlutafé að því marki sem nauðsynlegt er í tengslum við nýtingu samkvæmt áskriftarsamningi, dags. 7. júlí 2023, áskriftarréttindanna og áskrift nýrra hluta. Hinir nýju hlutir njóta sömu réttinda og skulu veita tilheyrandi réttindi í félaginu frá og með skráningardegi. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til áskriftarréttindanna né hluta sem gefnir eru út í tengslum við nýtingu þeirra. Stjórn ákveður áskriftargengi og aðra skilmála áskriftarréttindanna í samræmi við heimild þessa. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu heimildarinnar. Þá er stjórn heimilt að ákveða að greiða megi fyrir nýja hluti með öðru en reiðufé. Að öðru leyti skulu hlutfjáraukningar fara fram í samræmi við samþykktir félagsins og viðeigandi ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.

The Board of Directors of the Company is authorised, until 31 December 2023, to issue warrants to a lender as part of a loan financing transaction, that would grant the right to subscribe for shares for up to the nominal value of ISK 11,000,000 in B Class. The Board of Directors is furthermore authorised, until 31 December 2030, to increase the Company's share capital to the extent necessary in relation to the exercise of the warrants under a warrant agreement, dated 7 July 2023, and subscription of new shares. New shares issued shall have the same rights as the existing B Class shares and grant rights in the Company as of the date of their registration. Neither shareholders, nor others, shall enjoy priority rights to the warrants or shares issued in relation to their exercise. The Board of Directors determines the share price and other terms and conditions of the warrants. The Board is authorised to decide that payment by other means than cash is permitted. Otherwise, the share capital increase shall be conducted in accordance with the Articles of Association and section V of Act no. 2/1995, on Public Limited Companies.

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

Stjórn félagsins er heimilt, að því marki sem þörf krefur, í samræmi við 41. gr. og 3. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 91.000.000 að nafnverði í B flokki með útgáfu nýrra hluta, til að uppfylla skyldur félagsins samkvæmt skuldabréfum með breytirétti sem gefin voru út samkvæmt ákvörðun hluthafafundar sem haldinn var 2. júlí 2026, sbr. skilmála sem tilgreindir eru í Viðauka 1 í samþykktum þessum. Áskriftarverð nýrra hluta sem gefnir eru út samkvæmt heimild þessari ákvarðast í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Heimilt er að greiða fyrir nýja hluti með öðru en reiðufé. Hinir nýju hlutirnir skulu njóta sömu réttinda og skulu veita tilheyrandi réttindi í félaginu frá og með skráningardegi. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum samkvæmt 34. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 að nýjum hlutum sem gefnir eru út í tengslum við heimild þessa. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við nýtingu þessarar heimildar. Heimild þessi gildir til 2. júlí 2031 og fellur þá úr gildi að því leyti sem hún hefur ekki þá verið nýtt.

The Board of Directors is authorised, as necessary, in accordance with Article 41 and 47(3) of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies, to increase the Company's share capital by up to ISK 91,000,000 of nominal value in B Class through the issuance of an equal number of new shares, to fulfil the Company's obligations under the conversion rights of convertible bonds issued pursuant to the resolution of the shareholders' meeting held on 2 July 2026, as per terms set out in Annex 1 to these Articles of Association. The subscription rate for new shares issued under this authorisation shall be determined in accordance with the terms of the convertible bonds. The new shares can be paid by other means than cash. The new shares shall be in the same class and enjoy the same rights as other B Class shares in the Company from the registration date of the share capital increase. Shareholders waive their priority rights pursuant to Article 34 of Act No. 2/1995 on Public Limited Companies in respect of new shares issued pursuant to this authorisation. The Board of Directors is authorised to make the necessary amendments to the Articles of Association in connection with the exercise of this authorisation. This authorisation shall be valid until 2 July 2031 and shall thereafter expire to the extent not then utilised.

6. (A) grein

Stjórn félagsins er heimilt, fram til 16. júní 2028, að gefa út áskriftarréttindi til lánveitanda félagsins tengslum við nýja lántöku félagsins, sem veita rétt til áskriftar að nýjum hlutum allt að kr. 100 að nafnverði í nýjum C flokki. Stjórn er jafnframt heimilt í fimm ár, til 31. desember 2030, að hækka hlutafé að því marki sem nauðsynlegt er í tengslum við nýtingu áskriftarréttindanna og áskrift nýrra hluta

Hinir nýju hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir B flokki í félaginu. Þó skulu þeir jafnframt njóta aukinna réttinda og valds sem eingöngu fylgja hlutum í C flokki. Þessi auknu réttindi og vald skulu vera í gildi á meðan enn eru útistandandi eftirstöðvar láns samkvæmt 40 milljón Bandaríkjadala lánasamningi sem ráðgert er að félagið gerist aðili að („**lánasamningurinn**"). Hin auknu réttindi sem fylgja hlutum í C flokki skulu vera sem hér segir:

Art 6. (A)

The Company’s Board of Directors is authorised, until 16 June 2028, to issue warrants to a lender as part of a loan financing transaction, that would grant the right to subscribe for shares for up to the nominal value of ISK 100 in a new C Class. The Board of Directors is furthermore authorized for five years, until 31 December 2030, to increase the Company’s share capital as necessary to accommodate the exercise of the warrants and subscription of the shares.

The new C Class shares possess the same rights as the existing B Class shares in the Company. However, they shall also include additional rights and powers exclusively granted to the C class shares. These additional rights and power shall remain in effect as long as any amount remains outstanding under the terms of a USD 40,000,000 loan agreement proposed to be entered into by the Company (the "**Facility Agreement**"). The additional rights granted to the C class shares shall be as follows:

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

1. Verði vanefnd lýst yfir í samræmi við og á grundvelli lánasamningsins, sem lánveitandi tilkynnir félaginu skal eigendum hluta í C flokki heimilt að krefjast hluthafafundar í félaginu í þeim eina tilgangi að kjósa nýja stjórn félagsins.

2. Við móttöku tilkynningar frá lánveitanda, þar sem lýst er yfir vanefnd á lánasamningnum, skal félagið hafa 90 daga til þess að bæta úr vanefndinni („**úrbótafresturinn**"), en innan tilgreinds úrbótafrests telst allur annar úrbótafrestur veittur á grundvelli lánasamnings.

3. Ef félaginu tekst að bæta úr vanefndinni innan úrbótafrestsins, þá skal félaginu skylt að boða hluthafafund í þeim tilgangi að kjósa nýja stjórn félagsins.

4. Ef félaginu tekst ekki að ráða bót á vanefndinni innan úrbótafrestsins, þá skal félagið, svo fljótt sem með sanngirni verður komið við, boða löglegan hluthafafund. Tilgangur þess fundar skal vera að kjósa nýja stjórn fyrir félagið. Á þeim fundi skuli eigendur hluta í C flokki njóta réttar til þess að kjósa meirihluta stjórnarmanna í stjórn og meirihluta varamanna. Í þessu skyni og við þær aðstæður sem lýst er í þessum 4. tölulið, skulu hlutir í C flokki, eingöngu í þeim tilgangi að kjósa og viðhalda meirihluta stjórnar félagsins (og ekki vegna neinna óskyldra félagaréttarlegra ráðstafana sem krefjast atkvæðagreiðslu á hluthafafundi), njóta atkvæðisréttar sem á hverjum tíma, og þá aðeins og gagngert í þeim tilgangi að kjósa félaginu stjórn, svarar til 50,10% af öllu atkvæðavægi í félaginu, án tillits til þess hversu margir hlutir í A flokki eða B flokki hafa verið gefnir út á hverjum tíma. Eftirstandandi atkvæðamagn í tengslum við kosningu á stjórn skiptist pro rata á milli eigenda í A flokki og B flokki í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Svo skipaðri stjórn félagsins skal heimilt að grípa til hvers kyns löglegra aðgerða sem álitnar eru nauðsynlegar til þess að stuðla að

1. Upon event of default being declared in accordance with and under the terms of the Facility Agreement, as notified by the Lender to the Company the owners of C Class shares shall be entitled to demand a shareholders' meeting in the Company with the sole purpose of electing a new Board of Directors of the Company.

2. Upon receipt of notice from the Lender, declaring an event of default under the terms of the Facility Agreement, the Company shall have 90 days to remedy the event of default for the avoidance of doubt including any cure period already allowed under the Facility Agreement (the "**Cure Period**").

3. If the Company successfully rectifies the event of default within the Cure Period, the Company shall not be obliged to convene a shareholders' meeting for the purpose of electing a new Board of Directors of the Company.

4. If the Company is not able to remedy the event of default within the Cure Period, the Company shall, as soon as practically possible, convene a lawful shareholders' meeting. The purpose of this meeting shall be to vote on the appointment of a new Board of Directors for the Company. At such meeting, the owners of C Class shares shall have the right to appoint the majority of the directors to the Board of Directors and the majority of the substitutes. To this effect and under the circumstances described in this point 4, C Class shares shall, solely for the purposes of electing and maintaining the majority of the board of directors (and not for any other unrelated corporate activities requiring a vote of the shareholders meeting), enjoy voting rights which are at any time, exclusively for the purposes of electing the Board of Directors, equal to 50.10% of all voting share capital in the Company, regardless of the amount of A Class or B Shares issued at any time. The remaining voting rights for the purpose of electing the board of directors shall be split pro rata between the owners of A Class shares and B Class shares in accordance with their shareholding in the Company.

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

fullum efndum á hvers kyns skuldbindingum sem útistandandi kunna að vera samkvæmt lánasamningnum, sérhver stjórnarmaður sem kosinn er í stjórn félagsins skal álitinn koma fram fyrir hönd félagsins og ekki hluthafa í C flokki hluta sérstaklega.	The Board of Directors so comprised shall act in accordance with law and have the ability to take any actions necessary to effect a full repayment of any obligations outstanding under the Facility Agreement, any directors voted onto the Board of Directors shall be deemed to represent the Company and not the C Class shareholder specifically.
Hafi stjórnarmenn verið kjörnir á grundvelli þessarar greinar 6 (A), skal óheimilt að víkja þeim úr stjórn, auk þess sem hvorki má auka né draga úr fjölda stjórnarmanna án samþykkis eigenda hluta í C flokki, nema að lánið, sem veitt er samkvæmt lánasamningnum, hafi verið endurgreitt að fullu, en að svo búnu skal boða til hluthafafundar til þess að kjósa nýja stjórn fyrir félagið. Aukinheldur, má engin ný ákvæði setja eða breytingar gera á ákvæðum samþykktum þessara, án samþykkis eigenda hluta í C flokki, sem þjóna myndu þeim tilgangi að breyta skerða eða takmarka réttindin sem veitt eru hlutum í C flokki samkvæmt þessari grein 6 (A), þar með talið með því að veita öðrum stjórnarmönnum hvers kyns sérstök réttindi sem hindrað gætu meirihluta stjórnar skipaðan af hluthöfum í C flokki í að beita réttindum sínum.	Once directors have been appointed on the basis of this Art. 6 (A), they may not be dismissed, and the number of directors may not be increased or decreased without the approval of the owners of C Class shares, except upon the full repayment of the loan, granted under the terms of the Facility Agreement, in which case a shareholders' meeting shall be convened to vote on the appointment of a new Board of Directors for the Company. Furthermore, no new provisions may be enacted or amendments made to existing provisions of these articles of association, without the approval of the owners of C Class shares, which would serve to amend, restrict or curtail the rights granted to the C class shares under this Art. 6 (A), including the granting of any special rights to any other directors which might serve to block the majority of the C Class voted directors.
Við fulla endurgreiðslu lánsins, sem veitt er samkvæmt lánasamningnum, skulu réttindi, vald og forgangur sem fylgja hlutum í C flokki falla niður Sérhverjum útistandandi hlut í C flokki skal þá sjálfkrafa breytt í hluti í B flokki í félaginu. Að svo búnu skal þessi grein 6 (A) felld úr samþykktunum.	Upon full repayment of the loan, granted under the terms of the Facility Agreement, the rights, powers and preferences attaching to C Class shares shall cease to be effective. Any outstanding C Class shares shall be automatically converted to B Class shares in the Company. Consequently, this Art. 6 (A) shall be removed from the Articles of Association.
Stjórn ákveður áskriftargengi og aðra skilmála áskriftarréttindanna í samræmi við samning um áskriftarréttindi sem gerður er í tengslum við lánasamninginn. Hluthafar hafa afsalað sér forgangsrétti til áskriftar að nýjum hlutum í C flokki sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Nýir hlutir í C flokki skulu veita tilheyrandi réttindi í félaginu frá og með skráningardegi. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfu nýrra hluta í B flokki samkvæmt heimildinni og við fulla endurgreiðslu lánsins sem veitt er samkvæmt lánasamningnum. Að öðru leyti skulu hlutafjáraukningar fara fram í samræmi við samþykktir félagsins og viðeigandi ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995.	The subscription rate and other terms for the new C Class shares shall be determined in accordance with a warrant agreement executed in relation to the Facility Agreement. The shareholders have voluntarily waived their pre-emptive right to subscribe to new C Class shares issued pursuant to this authorization. New C Class shares issued shall grant rights in the Company as of the date of their registration. The Board of Directors is authorized to make the necessary amendments to the Articles of Association in relation to issue of the new C Class shares pursuant to this authorization as well as upon the repayment of the loan granted under the terms of the Facility Agreement. In other respects, capital increases shall be made in accordance with the Articles of Association

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

and respective articles of Act no. 2/1995, on Public Limited Liability Companies.

Án takmörkunar á ákvæði 4. töluliðar þessarar greinar, þarf samþykki allra hluthafa til þess að breyta þessari grein 6 (A).

Without prejudice to item 4 of this clause, the approval of all shareholders is required to amend this Art. 6 (A).

7 grein
Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða útgáfu hlutafjár félagsins í erlendri mynt í stað íslenskra króna, sbr. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við slíka ákvörðun, þ.m.t. breytingar á fjárhæðum þeim sem fram koma í 4., 5. og 6. gr. samþykkta félagsins.

Art. 7
The Company's Board of Directors has the authority to determine the issue of the Company's share capital in foreign currencies rather than Icelandic krónur, cf. paragraph 4 of Article 1 of the Act no. 2/1995 on Public Limited Companies. The Company's Board of Directors furthermore has authority to make the necessary amendments to the Articles of Association in relations to such decision, including changes to the amounts set out in Articles 4, 5 and 6 of the Articles of Association.

8. grein
Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum og skal skrá í hana nafn hvers einstaks hluthafa og hlutafjáreign hans ásamt dagsetningu eigendaskipta og skráningardag hverrar færslu.

Art. 8
The Company's Board of Directors shall keep a register of shares in accordance with Laws and enter therein the name of each shareholder with the date of transactions of shares and date of each entry.

Hlutabréf skulu gefin út með rafrænum hætti.

The Company's share certificates shall be issued in an electronic manner.

9. grein
Eigendaskipti að hlutum í félaginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Art. 9
Change in ownership of shares in the Company will not enter into force toward the Company until its Board of Directors has been given notice thereof in writing.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið að mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa af Héraðsdómi Reykjavíkur.

The Company's Board of Directors has a preemptive right of purchase of available shares for and on behalf of the Company. In case a dispute arise about the price of the share certificates this shall be determined by means of assessment of two impartial persons who shall be appointed by the District Court of Reykjavik for this purpose.

Stjórn hefur eins mánaðar frest til að neyta forkaupsréttar síns og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Eigendaskipti vegna arfsals til lögerfingja við andlát hluthafa lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

The Board of Directors has one month's respite to exercise his preemptive right of purchase, which respite counts as of the time of notice of an offer to the Board of Directors. No more than three months may pass as of the time the purchase was decided until the purchase price is paid. Changes of ownership on account of bequest to legal heirs upon demise of shareholders will not be subject to the aforementioned rules respecting pre-emptive right of purchase.

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

Óheimilt er að gefa hlutabréf í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

It is not permissible to give away shares in the Company without the approval of the Company's Board of Directors.

10. grein
Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Art. 10
The Company may not grant credit against shares in the Company. The Company is authorized to purchase own shares to the limit permitted by law. It is not permissible to cast votes for the shares owned by the Company itself.

11. grein
Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu.

Art. 11
Shareholders are not responsible for the Company's liabilities in excess of their holdings in the Company.

Hluthafafundir

Shareholders' meetings

12. grein
Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka er samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafa.

Art. 12
The supreme power of the Company's affairs, within the boundaries stipulated by these Articles of Association and laws, is held by lawful shareholders meetings.

13. grein
Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða fulltrúanefnd. Þá skal boða til aukafundar að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tuttugasta hlut hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga frá því að krafa um fund er gerð. Ef stjórn félagsins skirrist við að boða fund þrátt fyrir móttöku slíkrar kröfu getur hluthafi leitað atbeina ráðherra sbr. ákvæði laga um hlutafélög.

Art. 13
An Annual General Meeting shall be held before the end of August each year. Extraordinary meetings shall be held in accordance with decisions by the Board of Directors or delegation. Upon a request made by appointed auditors or shareholders controlling a minimum of a one twentieth of the share capital in the Company a extraordinary meeting shall be held. The requirement shall be filed in writing and the agenda shall be specified and a meeting shall then be called within fourteen days. In case the Board of Directors fail to call a meeting following the receipt of such a requirement, the assistance of the Minster may be sought according to the Act on Public Limited Liability Companies.

14. grein
Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með rafrænum tilkynningum til hluthafa. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boða til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef á hann mæta tveir

Art. 14
The Company's Board of Directors shall call shareholders meetings by electronic means with notice to the shareholder. An Annual General Meeting shall be called at a minimum advance notice of fourteen days, but an Extraordinary Meeting at a minimum advance notice of seven days. The agenda shall be mentioned in the call to a meeting. A shareholders meeting is lawful if it is lawfully convened and there are present shareholders or their representatives controlling at least half the share capital in the Company. In case a meeting become unlawful due to shortcomings in this respect a new meeting

Docusign Envelope ID: 66F5E806-E3ED-877E-8144-AD72EEB8C4B9

hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra, enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

shall be called at seven days advance notice and that meeting will be lawful to debate the issues which were to be discussed at the former meeting if it is attended by two or more shareholders or their representatives, provided that they control a minimum of a fifth of the share capital in the Company. A shareholders' meeting elects a Chairman and Secretary of the meeting.

15. grein
Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Art. 15
